



**FUNDARGERÐ SKÓLARÁÐS FJÖLBRAUTASKÓLANS Í
GARÐABÆ 8. FUNDUR Á VORÖNN 2016
MIÐVIKUDAGINN 3.MAÍ KL.13:15**

1. Bréf o.fl. erindi.

A. Umsóknir um leyfi (sjá minnisblað)

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemenda.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlok svo fremi sem skólasókn er að öðru leyti góð. Skólaráð ítrekar að leyfin eiga við um mætingu en ábyrgðin á náminu og skilaverkefnum er hjá nemandanum.

B. Önnur bréf

Einn nemandi segir sig frá námi (sjá minnisblað)

2. Félagslíf og fjármál NFFG

Fráfarandi stjórn NFFG er að koma nýkjörinni stjórn inn í helstu mál. Að mati skólaráðs hefur fráfarandi stjórn haldið vel utanum fjármálin og hefur stjórnin staðið sig vel. Fyrir það eiga stjórnarmeðlimir hrós skilið.

Síðasta ball tókst mjög vel. Fór vel á því að síðasti atburður vetrarstarfsins væri vel heppnaður þar sem flestir atburðir sem nemendafélagið hefur staðið að tókust vel.

Skólameistari lagði fram bókun vegna bókunar á skólaráðsfundi 16.mars s.l. og framhalds þess máls:

Eftirfarandi var fært til bókar á skólaráðsfundi 16.mars s.l.: „Skólameistari lagði til að nemendum sem brutu af sér í skíðaferð NFFG verði gerð sú refsins að fá ekki að fara í ferðir á vegum NFFG né sækja dansleiki á þeirra vegum á árinu 2016. Tillagan var samþykkt með sex atkvæðum en einn sat hjá.“

Vegna mistaka var viðkomandi aðilum ekki tilkynnt um þessa niðurstöðu skólaráðs. Þótt ljóst sé að flestir þeir nemendur sem refsingin náði til væri vel kunnugt um þessa niðurstöðu er óhjákvæmilegt að skólaráð taki á sig ábyrgð vegna þessa. Því verður nemendum þeim sem mættu á dansleik þann 14.apríl á vegum NFFG ekki gerð frekari refsing. Refsingin sem var samþykkt 16.mars stendur ennþá. Mikilvægt er að viðkomandi nemendum verði tilkynnt um þessa niðurstöðu. Þessi samþykkt er með fyrirvara þar sem samkvæmt 13.grein stjórnarsýslulaga eiga aðilar máls rétt á að tjá sig um efni máls áður en endanleg ákvörðun er tekin. Hafi aðilar máls athugasemdir eru þeir beðnir um að koma þeim á framfæri við skólaráð innan tveggja vikna frá birtingu þessarar fundargerðar.

Bókunin var borin undir atkvæðagreiðslu skólaráðs: Bókunin var samþykkt með 6 atkvæðum, einn sat hjá.

Á síðasta dansleik NFFG fóru 4 nemendur ekki að þeim reglum sem settar eru. Lagt er til að þessir nemendur fái ekki að sækja fyrsta ball haustannarinnar.

Þessi samþykkt er með fyrirvara þar sem samkvæmt 13.grein stjórnarsýslulaga eiga aðilar máls rétt á að tjá sig um efni máls áður en endanleg ákvörðun er tekin. Hafi aðilar máls athugasemdir eru þeir beðnir um að koma þeim á framfæri við skólaráð innan tveggja vikna frá birtingu þessarar fundargerðar.



3. Önnur mál

Nýja útisvæðið, Útgarður, hefur mælst vel fyrir. Allmargar kennslustundir hafa verið haldnar þar, kennarar og nemendur hlakka til þess að hlýni í veðri. Svæðið er skemmtileg viðbót við húsakynni skólans.

Fundinn sátu:

Anna G. Hugadóttir náms-og starfsráðgjafi
Bjarni Snæbjörnsson fulltrúi kennara
Elísabet Siemsen aðstoðarskólameistari og fundarritari
Guðmundur Stefán Gíslason verkefnastjóri
Kristinn Þorsteinsson skólameistari
Páll Marís Pálsson forseti NFFG
Petrún Björg Jónsdóttir forvarnafulltrúi
Snjólaug E. Bjarnadóttir áfangastjóri
Snædís Snæbjörnsdóttir fulltrúi kennara
Sverrir Bartolozzi fjármálastjóri NFFG
Tinna Ösp Arnardóttir félagsmálafulltrúi